

**2016 nr. 14 23. mars****Lög um styrki vegna sýninga á kvikmyndum á íslensku í kvikmyndahúsum hér á landi (miðastyrkir)**

Tóku gildi 30. mars 2016. Falla úr gildi 31. desember 2016 skv. 6. gr.

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **mennta- og menningarmálaráðherra** eða **mennta- og menningarmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Heimilt er að greiða sérstaka styrki, miðastyrki, úr ríkissjóði vegna sýninga á kvikmyndum á íslensku í kvikmyndahúsum hér á landi ef myndirnar eru unnar og kostaðar af framleiðendum með staðfestu á Íslandi eða framleiðendum með staðfestu í EES-ríki. Heimildin tekur einnig til framleiðslu kvikmynda á íslensku sem framleiddar eru sem samstarfsverkefni slíkra framleiðenda og erlendra aðila. Styrkir eru greiddir vegna sýninga á árunum 2012–2016. Skal heildarandvirði miðastyrkja aldrei nema hærrí fjárhæð en ákveðið er af Alþingi í fjárlögum hvers árs.

■ **2. gr.** Með kvikmynd á íslensku er átt við að frumútgáfa kvikmyndarinnar sem sýnd hefur verið í kvikmyndahúsi hér á landi sé með íslensku tali.

■ **3. gr.** Kvikmyndamiðstöð Íslands annast meðferð umsókna og greiðslu miðastyrkja.

□ Miðastyrkur er greiddur eftir að viðkomandi kvikmynd

hefur verið sýnd í kvikmyndahúsi hér á landi. Framleiðandi sækir um miðastyrk.

■ **4. gr.** Miðastyrkur til hvernar kvikmyndar skal vera í hlutfalli við heildarandvirði seldra aðgöngumiða að sýningum á viðkomandi kvikmynd í kvikmyndahúsum hér á landi.

□ Kvikmyndamiðstöð Íslands skal við ákvörðun miðastyrks taka tillit til annarra styrkja sem viðkomandi kvikmynd hefur notið eða mun njóta til að gæta þess að heildarfjárhæð styrkja verði ekki umfram þær viðmiðanir sem kveðið er á um í lögum og alþjóðlegum skuldbindingum.

■ **5. gr.** Við framkvæmd laga þessara skal gæta ákvæða reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1407/2013 um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttarástöð sem birt var í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 36 12. júní 2014, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2014.

□ Ráðherra setur í reglugerð<sup>1)</sup> nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, þar á meðal reglur um meðferð umsókna, umsóknarfrest, tilhögun greiðslu og nánari skilyrði fyrir greiðslu.

<sup>1)</sup> Rg. 450/2016.

■ **6. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og falla úr gildi 31. desember 2016. Þó má greiða miðastyrki fyrir sýningar ársins 2016 vegna umsókna sem berast fyrir 1. júlí 2017.